



48. Körfuknattleiksþing KKÍ

Smárin, Kópavogi 15. - 16. maí 2009

Föstudagur 15. maí

Pingsetning:

Hannes Sigurbjörn Jónsson veitti heiðursveitingar áður en gengið var til formlegrar dagskrár. Snorri Örn Arnaldsson fékk silfurmerki sambandsins og Halldór Halldórsson gullmerkið sem stjórn ákvað fyrir tveimur árum að veita honum.

HSJ lagði til að Pétur Hrafn Sigurðsson yrði fyrsti þingforseti og var það samþykkt með lófaklappi og tók PHS við stjórn.

Kosning starfsmanna:

a) Kosning fyrsta og annars þingforseta:

Pétur Hrafn Sigurðsson og Gísli Georgsson.

b) Kosning fyrsta og annars þingritara:

Kristinn Geir Pálsson og Þóra Melsted.

c) Kosning kjörbréfanefndar:

Gísli Georgsson, formaður, Daði Steinn Arnarsson og Karl Guðlaugsson.

Kjörbréfanefnd tekur strax til starfa og safnar saman kjörbréfum.

Kosning fastra nefnda:

a) Allsherjarnefnd:

Halldór Halldórsson, Hafsteinn Hilmarsson og Bárður Eyþórsson.

b) Laga- og leikreglanefnd:

Rúnar Birgir, Hilmar Júlíusson og Sigurður Hilmar Ólafsson.

c) Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Sigurbergsson, Hermundur Pálsson og Samúel Guðmundsson.

Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver og er sá fyrsti í hverri nefnd formaður viðkomandi nefndar.

Fráfarandi stjórn gefur skýrslu:

Hannes Sigurbjörn Jónsson formaður flutti skýrslu stjórnar.

Pingforseti,
forseti ÍSÍ,
gjaldkeri ÍSÍ,
ágætu félagar,

Nú er í fyrsta sinn unnið eftir samþykkt síðast þings okkar þar sem tvö ár hafa liðið á milli þinga. Þar af leiðandi er ársskýrsla okkar núna tveggja ára skýrsla og var ákveðið að breyta aðeins áherslum og ýmsa þætti er nú hægt að nálgast á heimasíðu okkar kki.is sem verið hafa í ársskýrslu eins og úrslit leikja og tölfræði yfir landsliðsfólkið okkar. Ég mun ekki lesa skýrsluna hér heldur fara yfir helstu mál sem í henni eru sem og þeim þáttum sem uppúr standa og við þurfum ræða innan okkar hreyfingar. Ég hvet ykkur því til að kynna ykkur efni skýrslunnar vel því hún gefur greinargóða mynd af starfseminni undanfarin tvö ár.

Ég ætla að hefja yfirferð mína á máli sem ég hef mikið rætt á undanförunum tveimur árum en það er starfsskýrsluskil körfuknattleiksfélaga til ÍSÍ.

Innan körfuboltahreyfingarinnar fer fram eitt stærsta og umfangsmesta mótahald sem haldið úr úti á meðal sérsambanda hér á landi. Iðkaður er körfubolti í 24 af 27 íþróttahéruðum en þrátt fyrir það eru körfuboltin einungis í sjötta sæti yfir fjölmennustu íþróttagrein landsins með um 5.800 iðkendum.

Miðað við fjölda þeirra körfuknattleiksfélaga sem senda lið til keppni á Íslandsmót og það starf sem fram fer hjá félögum þá ætti þessi tala að vera mun hærrí. Tölur úr þessum skýrslum eru mjög mikilvægar, t.d. er Lottópeningur greiddur út samkvæmt þessum tölum.

Eitt lítið dæmi er að finna í starfsskýrslum fyrir árið 2008, þar er eitt félag sem er með lið í báðum Iceland Expressdeildunum skráð með 27 iðkendum í allri körfuknattleiksdeildinni - það sjá allir að það gengur ekki upp, það hljóta að vera fleiri en 27 iðkendum hjá þessu félagi. Ég hvet ykkur öll til þess að fara yfir skráningarnar í ykkar félögum og minni enn og aftur á að við - stjórn og starfsmenn KKÍ erum boðin og búin að aðstoða ykkur eins og hægt er í þessum málum.

Öll vitum við sem hér erum hvað þjóðfélagið okkar hefur gengið í gegnum síðastliðna mánuði og ekki ætla ég mikið út í þau mál hér. Stjórnámálamenn tala ávallt á hátíðarstundu um mikilvægi íþróttar og þegar stórir sigrar nást koma stjórnámálamenn í bunkum og láta sem þetta sé næstum því þeim að þakka og setja peninga í þá íþróttagrein sem vann til verðlauna.

Þrátt fyrir erfitt efnahagslegt ástand þá megum ekki vera feimin við að vera með kröfur á ríkisvaldið. Ríkisvaldið á að styðja mun betur við sérsambönd þannig að hægt sé að halda úti landsliðum, að yngri landsliðskrakkarnir okkar þurfi ekki að greiða fyrir stóran hluta af sínum kostnaði, hvort sem það er ferðakostnaður innanlands, eða til að fara til keppni erlendis og svo fleira.

Við megum vera með kröfur og við eigum að vera með kröfur á hið opinbera - íþróttahreyfingin er að mörgu leyti gleðigjafinn hjá stórum hluta landsmanna og því miður þá gengur það ekki upp nema með því að fá fjármagn inn í hreyfinguna okkar sem í dag er mjög erfitt.

Undanfarin ár hefur verið mikið aðhald í fjármálum sambandsins en jafnframt hefur allt verið gert til þess að halda úti landsliðsstarfi bæði hjá A-landsliðunum sem og yngri landsliðunum. Ljóst er að nú þarf að draga verulega úr kostnaði en jafnframt er efitt að finna þann kostnað sem hægt er að skera niður.

Nýrrar stjórnar bíður það verkefni að fara mjög vel yfir núna á næstu dögum og vikum alla þætti starfseminnar og finna leiðir til þess að hagræða sem mest og á réttum stöðum. Þátttaka A-landsliðanna í Evrópukeppninni er mjög kostnaðarsöm og tekjur á móti kostnaði eru langt frá því að vera nægar og er það atriði sem þarf að fara mjög vel yfir.

Því miður þá er það þannig að KKÍ hefur engan aðgang að neinu íþróttahúsi nema með aðstoð félaganna og sveitarfélaga og er ánægjulegt hversu jákvæð mörg sveitarfélög eru fyrir því að lána okkur sín íþróttahús. Það vantar íþróttahús sem við og fleiri íþróttagreinar gætum notað til æfinga og keppni fyrir okkar afreksstarf - það má segja að það vanti þjóðarleikvang þar sem t.d körfubolti, handbolti og blak hefðu almennilega aðstöðu.

Mig langar að þakka okkar félögum og þeim sveitarfélögum sem hafa lánað íþróttaaðstöðu sína fyrir æfingar landsliða og afreksstarf KKÍ, þetta er ómetanlegur stuðningur við afreksstarfið okkar.

Það mikilvægast hjá sambandinu í nánustu framtíð er að huga sérstaklega vel að grasrótinni okkar - yngri iðkendunum og félögum okkar sem halda úti öflugum starfi bæði körfuboltalega sem og félagslega.

Áfram mun verða lögð áhersla á það að KKÍ muni styðja við bakið á sínum félögum á allan þann hátt sem félögin óska eftir og KKÍ getur gert. Mikilvægt er því að fá hugmyndir frá félögum um hvað við, það er stjórn og starfsmenn KKÍ, getum gert til þess að aðstoða ykkar starf í nánustu framtíð.

Nú í byrjun maí stóð KKÍ fyrir körfuboltaskóla þar sem krakkar á aldrinum 8-11 ára gátu komið og fengið leiðsögn hjá A-landsliðsþjálfara sem og leikmönnum A-landsliðanna. Körfuskólinn tókst mjög vel og verður klárlega framhald á þessu hjá okkur.

Unglingalandsmót UMFÍ hafa verið haldin um verslunarmannahelgina undanfarin ár og er þetta frábær vettvangur fyrir fjölskylduna að vera saman þar sem krakkarnir spila körfubolta og fleiri íþróttagreinar. KKÍ og UMFÍ hafa gert samkomulag sín á milli sem felst í því að auka veg körfunnar á ungingalandsmótunum og er það ánægjulegt. Ég hvet ykkur að fjölmenna á ungingalandsmótið í sumar á Sauðárkróki.

Þessi Körfuskóli sýndi okkur að við getum hæglega náð til ungu krakkana með ýsmu mótum og mín skoðun er sú að eitt af megin verkefnum nýrrar stjórnar á að vera að fjölga yngri iðkendum í körfunni og við eigum að leggjast öll á eitt við það. Það er mikil vinna sem fylgir því að vera að starfa innan sérsambands eins og KKÍ og því er það ómetanlegt fyrir hreyfinguna okkar að eiga þá góðu einstaklinga að sem starfað hafa í nefndum sambandsins síðastliðin tvö ár - þakka ég þeim innilega fyrir þeirra veigamikla starf fyrir körfuboltann í landinu.

Að lokum langar mig að þakka stjórnar- og starfsmönnum KKÍ fyrir frábært og gefandi samstarf á þessu starfstímabili,

Áfram körfubolti!

Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar:

Eyjólfur Þór Guðlaugsson flutti skýringar við reikninga sambandsins. Sýndi hagnað á síðasta ári. Fengum styrk frá FIBA Europe sem skýrir mun á framlögum á styrkjum milli ára. Aðrar tekjur vegna landsliða eru í raun inn og út því leikmenn hafa þurft að greiða sjálfir fyrir sínar ferðir eins og í yngri landsliðunum. Gengismunur hefur einnig komið sér illa við ferðir og skuld við FIBA Europe, sem reyndar er vaxtalaus.

Pingforseti opnaði fyrir umræður og spurningar.

Þorsteinn Þorbergsson spurði um aukningu á kostnaði við unglingslandslið og lið nr. 11 um viðskiptakröfur. Óskaði eftir að fá skýringar á þeim liðum þar sem útistandandi kröfur á hendur félaganna um áramót og spyr um FIBA Europe skuld og hvernig hún sé tilkominn.

EPG svaraði því að munurinn á kostnaði milli ára varðandi unglingslandslið liggja í því að árið 2007 fóru engin lið í EM en 2008 fóru tvö lið í kostnaðarsamar ferðir til Bosníu og kostaði á þriðja hundrað þúsund fyrir hvern og krakkarnir greiddu 90 þús. kr. en KKÍ tók restina á sig. Skuld við FIBA Europe liggur í því að ekki hefur verið greitt til FIBA Europe vegna leikheimilda nýrra erlendra leikmanna sem er um 250 evrur á hvern leikmann. Krafa KKÍ á félögin er sú að staðan er einna verst um áramótin, þegar þáttökugjöld hafa komið til 1. nóvember og eru sjaldan greidd fyrr en félög skipta um erlenda leikmenn og neyðast til að greiða upp skuld til að fá leikheimild. Þessar FIBA Europe skuldir munu væntanlega verða afskrifaðar en þannig hefur það verið undanfarin ár.

Pingforseti bar reikninga upp til samþykktar. Þeir voru samþykktir samhljóma.

Pingforseti las upp bréf með kveðju frá formanni UMFÍ sem var boðið að sitja þingið en átti þess ekki kost vegna sjúkrahlúslegu.

Mér er það mikill heiður að vera boðið að vera viðstödd Ping körfuknattleikssambandsins. Af persónulegum ástæðum hef ég ekki tók á að vera með ykkur þó að ég sé það í anda.

Nýverið gengu UMFÍ og KKÍ frá samstarfssamningi sínum á milli um aðkomu KKÍ að Unglingslandsmóti UMFÍ sem verður á Sauðárkróki um nk. verslunarmannahelgi. Með samstarfssamningnum vilja UMFÍ og KKÍ sýna í verki að hreyfingarnar vinna saman að eflingu grasrótarstarfsins innan körfuknattleiksíþróttarinnar og hafa áhuga á að auka samstarfið enn frekar.

Ég óska þinginu velfarnaðar í störfum sínum og að starf sambandsins megi blómstra um ókomin ár. Starfsemi ykkar skiptir miklu máli.

Ungmennafélag Íslands þakkar fyrir gott samstarf í gegnum árin og væntir þess að á það beri engan skugga í framtíðinni.

*Helga Guðrún Guðjónsdóttir
formaður UMFÍ*

Kynning á frambjóðendum til stjórnar KKÍ sem kosið var um daginn eftir. Þeir sem buðu sig fram til stjórnarsetu voru:

Formaður KKÍ

- Hannes Sigurbjörn Jónsson - sjálfkjörinn og því ekki í kynningu

Stjórn KKÍ

- Eyjólfur Þór Guðlaugsson
- Guðbjörg Norðfjörð
- Guðjón Þorsteinsson
- Páll Kolbeinsson
- Þorsteinn Þorbergsson
- Þóra Melsteð
- Erlingur Hannesson

Varastjórn:

- Bryndís Gunnlaugsdóttir
- Guðjón Guðmundsson
- Lárus Ingi Friðfinnson

Kjörbréfanefnd gerði grein fyrir störfum sínum. Gísli Georgsson, formaður nefndarinnar kynnti og las upp nöfn þingfulltrúa og hverjir voru með umboð. 83 fulltrúar á kjörbréfum eru skráðir til þings af þeim 152 sem áttu rétt til setu. Fulltrúar koma frá 10 héraðssamböndum af þeim 24 sem eiga rétt til að senda fulltrúa. Kjörbréfanefnd lagði til að þessi kjörbréf yrðu samþykkt sem var gert samhljóma.

Þingfulltrúar og umboð (varamenn innan sviga)

HSH - 4 fulltrúar af 4

Hermundur Pálsson með umboð fyrir Sæþór
Gunnar Svanlaugsson
Sæþór Þorbergsson
Þórður Njálsson

HSK - 5 fulltrúar af 18

Halla Guðmundsdóttir
Daði Steinn Arnarsson
Jóhanna Hjartardóttir
Hákon Hjartarson
Baldur Þór Ragnarsson

HSV - 5 fulltrúar af 5

Guðjón Þorsteinsson
Sólveig Pálsdóttir með umboð fyrir Sævar
Unnþór Jónsson með umboð fyrir Guðna.
Sævar Óskarsson
Guðni Guðnason

ÍBA - 2 fulltrúar af 3

Kári Þorleifsson með umboð fyrir Ómar
Ómar B. Aspar

ÍBH - 10 fulltrúar af 10

Guðbjörg Norðfjörð með umboð fyrir Emil
Samúel Guðmundsson með umboð fyrir Gerði

Sigurður Freyr Árnarson með umboð fyrir Söru
Gunnar Stefánsson með umboð fyrir Nönnu
Reynir Kristjánsson með umboð fyrir Sigurð
Emil Örn Sigurðsson
Sigurður Guðmundsson
Sara Pálmadóttir
Nanna Lovísa Zophaníasardóttir
Gerður Guðjónsdóttir

ÍBR - 18 fulltúar af 26

Karl H. Guðlaugsson með umboð fyrir Kristinn
Bryndís Gunnlaugsdóttir
Gunnar Þór Gunnarsson
Pétur Hólmsteinsson
Lárus Blöndal
Ari Gunnarsson
Yngvi Gunnlaugsson
Páll Kolbeinsson með umboð fyrir Böðvar
Benedikt Guðmundsson
Ágúst Kárason
Gréta María Grétarsdóttir
Karl West Karlsson með umboð fyrir Steinar
Bárður Eyþórsson
Gísli Georgsson
Lárus Árnason
Steinar Davíðsson
Böðvar Guðjónsson
Kristinn Pálsson

ÍRB - 8 fulltrúar af 11

Jón Ben Einarsson er með umboð fyrir Unnar
Unnar Sigurðsson
Margeir Elentínusson
Guðjón Skúlason
Erlingur Hannesson
Örvar Þór Kristjánsson
Hafsteinn Hilmarsson
Sigurður Hilmar Ólafsson er með umboð fyrir Örvar

ÍS - 9 fulltrúar af 9

Benóný Harðarson
Óli Björn Björgvinsson með umboð frá Magnúsi
Guðfinnur Friðjónsson með umboð frá Einari
Eyjólfur Þór Guðlaugsson
Magnús Andri Hjaltason
Almar Sveinsson
Einar Hannes Harðarson
Jóhann Ólafsson
Rannveig Böðvarsdóttir

UMSK - 17 fulltrúar af 18

Ómar Geir Þorgeirsson
Gísli Sigurðsson

Þorsteinn Þorbergsson
Hilmar Júlíusson
Gunnar Kr. Sigurðsson
Snorri Örn Arnaldsson
Guðmundur G. Sigurbergsson með umboð fyrir Sigurð Inga
Sigurður Ingi Hauksson
Halla Garðarsdóttir
Jón Orri Guðmundsson
Magnús Ívar Guðfinnsson
Stefán Jóhannsson
Gylfi Gröndal
Hákon Gunnarsson
Helen Guðjónsdóttir með umboð Jón Orra
Sævaldur Bjarnason
Hrafn Kristjánsson með umboð fyrir Höllu

UMSS - 5 fulltrúar af 5

Halldór Halldórsson með umboð fyrir Ragnheiði
Viggó Jónsson
Karl Jónsson
Rúnar Gíslason
Ragnheiður Matthíasdóttir

Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlanir fyrir næsta ár:

Reikningar bornir undir atkvæði og þeir samþykktir formlega.

Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar og aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar:

Þingforseti vísaði þingtillögum í nefndir.

Þingskjal nr. 1 til laganefndar
Þingskjal nr. 2 til laganefndar
Þingskjal nr. 3 til laganefndar
Þingskjal nr. 4 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 5 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 6 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 7 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 8 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 9 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 10 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 11 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 12 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 13 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 14 til laganefndar
Þingskjal nr. 15 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 16 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 17 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 18 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 19 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 20 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 21 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 22 til alsherjarnefndar
Þingskjal nr. 23 til alsherjarnefndar

Pingskjal nr. 24 til laganefnd
Pingskjal nr. 25 til laganefnd
Pingskjal nr. 26 til alsherjarnefndar
Pingskjal nr. 27 til alsherjarnefndar
Pingskjal nr. 28 til alsherjarnefndar
Pingskjal nr. 29 til alsherjarnefndar
Pingskjal nr. 30 til alsherjarnefndar
Pingskjal nr. 31 til alsherjarnefndar
Pingskjal nr. 32 til alsherjarnefndar
Pingskjal nr. 33 til alsherjarnefndar
Pingskjal nr. 34 til alsherjarnefndar
Pingskjal nr. 35 til alsherjarnefndar
Pingskjal nr. 36 til fjárhagsnefndar

18:30 - PINGHLÉ og nefndir taka til starfa og ræða tillögur.

Laugardagur 16. maí kl. 10:00

Pingforseti setti þing að nýju kl. 10:10 og gaf HSJ orðið áður en gegnið var til dagskrár. Hannes Sigurbjörn minntist þess að 50 ár eru liðin frá því að Íslendingar spiluðu fyrsta landsleik sinn í körfubolta gegn Danmörku, en það var 16. maí 1959 og fór leikurinn fram ytra. Hvatti menn til að skoða frétt um málið á kki.is þar sem meðal annars er mynd af liðinu.

Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær:

Pingforseti leitaði eftir leyfi þingsins um að ganga til kosninga áður en tillögur allsherjarnefndar fari til umfjöllunar. Þetta er gert til þess að kjörnefnd fái tíma til að telja atkvæði á meðan þingið fjallar um tillögur allsherjarnefndar og flýta þannig fyrir lokum þingsins. Enginn hreyfði mótmælum og því voru kjörgögn afhent og kosning fór fram.

Umræður um tillögur laganefndar:

PINGSKJAL 1

Samþykkt.

PINGSKJAL 3

Samþykkt með breytingum. Engar umræður við þingskjal 3.

PINGSKJAL 2

Gleymdist 1 a) breytingartillaga sem er fært.

PINGSKJAL 2 A)

Stjórn getur breytt lögum til bráðabirgða og formenn samþykkja. Samþykkt 2 a) sem kemur í stað þingskjals 2.

PINGSKAL 14

Kjörnefnd, færð reglugerð

PINGSKJAL 24 - AGA OG ÚRSKURÐAMÁL

24 a) Tvær smávægilegar breytingar í 13 bætt við i) lið.

Þorsteinn spyr hvort búið sé að lesa yfir og samræma. Pétur útskýrir að það hafi verið vinna í allan vetur nefnd í því. Samþykkt.

ÞINGSKJAL 25 OG 25 A) - REGLUR UM ÁFRÝJUNARDÓMSTÓL

- Þorsteinn tekur til máls og bendir á að kosning fari þá fram á löglærðum einstaklingum í áfrýjunardómstól. Þingskjal 25 a) samþykkt samhljóða

Laganefnd hefur lokið störfum.

Breyting á dagskrá:

Þingforseti leitaði eftir leyfi þingsins um að ganga til kosninga áður en tillögur allsherjarnefndar fari til umfjöllunar. Hann leggur til að hafa kaffipásu eftir að fjárhagsnefnd hefur greint frá störfum sínum og þá kosning í stað lok dags. Þetta er gert til þess að kjörnefnd fái tíma til að telja atkvæði á meðan þingið fjallar um tillögur allsherjarnefndar og flýta þannig fyrir lokum þingsins. Enginn hreyfði mótmælum og því voru kjörgögn afhent.

ÞINGSKJAL 36

Fjárhagsnefnd þess hlóðandi samþykkt.

Breyting á dagskránni skv. Péttri áðan, kosið í stjórn KKÍ og niðurstöður kynntar þegar þær liggja fyrir.

- KOSNING OG KAFFI

Umræður um tillögur allsherjarnefndar:

ÞINGSKJAL 28:

- *Hilmar og Þorsteinn* frá Stjórnunni tala á móti tillögunni, dæmi um að krökkum finnst leiðinlegt á þessum mótum þegar á þennan aldur er komið. Stórt skref afturábak. Leiðbeinandahlutverkið er lítið á þessum mótum af hálfu dómara. Aukinn kostnaður á hendur foreldra ef þarf að greiða æfingagjöld fyrir veturinn og svo á þessi mót að auki sem geta verið 4-5 á ári.
- Krakkar sem hafa byrjað snemma að æfa þurfa ögrandi verkefni 10 ára., jafnvel búin að æfa í nokkur ár.
- Þorsteinn talar um umgjörð, reglur og slíkt. Einn af drifkröftunum að taka þátt er að vinna titla.
- Fleiri félög vilja væntanlega fá að halda mót þ.s. þetta er fjáröflun þeirra félaga sem halda mót. Hvað er pláss fyrir mörg mót og hvernig verður þeim skipt? Sammkeppni liða. Aðrar greinar keppa til verðlauna og því ættu okkar krakkar ekki að vera tilbúinn í það líka?
- *Guðjón Þorsteinson* finnst það vera skref afturábak að hætta í íslandsmóti.
- Hann talar um það sé liðanna og okkar að gera umgjörðina það góða að þetta sé áhugavert. Er fylgjandi því að vera með 4-5 sterk mót sér.
- *Jón Ben* styður tillögunna. Bendir á möguleikann með að senda þá sem eru mjög efnilegir í keppni upp fyrir sig eins og hefur verið gert í MB 11 ára og tekist vel.
- *Gréta María* bendir á að þessi aldur er mikill markhópur og við þurfum að huga að þeim fjölda sem byrjar á þessum aldri og þarf að fá tækifæri til að læra íþróttina áður en keppt er. Oft skref og tvígríp í næsta flokki fyrir ofan enda tæknilega flóknari íþrótt og krakkar kunna ekki íþróttina nógu vel til þess að keppa eftir ströngustu reglum. Ekki byrjað að keppa á landsmóti UMFÍ fyrr en 11 ára sem dæmi.

- *Stefán* bendir á að dugleg lið geta skráð sig upp fyrir. Um helmingur liða skráði sig til keppni í MB 10 ára á liðnum vetri. Bendir á að það er frjálst hvar lið skrá sig. Bendir á að MB 11 ára á næsta ári mun byrja í neðsta riðli sé ekki tekið þátt í MB 10 ára árið á undan. Fámennasta keppnin var í þessum flokki, sérstaklega hjá stelpum - fjölmennari liðin skráðu sig til keppni.
- *Porsteinn* bendir á að einhver lið skrá yngri krakka en 10 ára í þá keppni. Félögin telja þau þá nógu góð til þess að fara í keppnina. Félagsmótin koma aldrei í staðinn fyrir skipulögð mót á vegum KKÍ í smærri einingum en þessi stærri mót. Spyr hvort við séum að einkavæða mót MB 10 ára og yngri með þessu og veltir upp samkeppnisumhverfi íþróttafélaganna.
- *Póra* hefur verið talsmaður þess að hefja ekki keppni of snemma í yngriflokkum. Leggur til að stjórn og unglingaráð liðanna haldi áfram að finna út hvað henti best eftir þing.
- *Jón Ben* segir að það skipti engu máli í hvaða íþróttum krakkar eru upp að 10 ára aldri.
- Ekki lokað fyrir það að KKÍ setji á einhver mót til Íslandsmeistaratitils þó keppni sé tekin af í núverandi mynd. Til dæmis hægt að keppa til Íslandsmeistaratitils í 2 fjölliðamótum sem dæmi.

ÞINGSKJAL 15:

- Breyta 14 c)
- Breytingartillaga um að hafa 2 gjalddaga. Aðalega verið að ákveða hvenær
- Yngriflokkapeningar hafa ekki komið inn á sama tíma og rukkun fer fram.
- Fjallað um tilkynningarskyldu/skráningu liða í keppni. Tímamörk. Taka út drengjaflokk og jafnvel 11 líka,
- Að stjórn meti sektarákvæði ef lið dragast úr keppni.
- Breytingartillaga 14 a) á bls. 31 - 14 c) verði 30 sept. 31. des.

Áður samþykkt og endurupptekið, lagt til að samþykkja með breytingum 15 a) samþykkt með öllum greiddum gegn einu.

ÞINGSKJAL 33 - UM AÐ STOFNA FRÆÐSLUNEFND

Samþykkt samhljóða.

ÞINGSKJAL 4 OG 4 A) - DÓMARANEFND

Samþykkt bæði samhljóða.

ÞINGSKJAL 5 OG 5 A) - UM ERLENDA LEIKMENN

- *Guðjón* styður þetta og sparar peninga fyrir félög.
- *Porsteinn* sammála sparnaði. Minnr á að þetta snúist um peninga og völd. Segir að þetta bjóði upp á að lið geti stolið leikmönnum af öðrum liðum.
- *Jón Ben* hræðist þetta að því leyti að þetta auðveldi öðrum liðum að finna góða leikmenn. Skilur hinsvegar kostinn við að spara.
- *Rúnar* talar um reglugerðina. Hægt er að fara fram hjá þessu til að fá leikmanninn hvort eð er.
- *Guðjón* er með samnings ákvæði ef þetta kemur upp. Talar um að þetta sé í valdi hvers félags. Leikmenn missa hluti eins og flugfar og laun séu þeir að skipta innan lands á óíþróttalegan hátt.
- *Bárður* talar um í vetur atvik sem kom upp og hefði getað verið leist á einfaldan hátt þar sem leikmaðurinn var laus frá fyrra liði. Á líka við íslenska leikmenn. Ætti að vera ákvæði í samningum fyrir báða.

- *Bryndís* vann í útlendingastofnun í morgun. Er hlynnt þessari tillögu. "Erlendum leikmanni er heimilst með samþykki fyrri félags" klausa. Traust á að ríkja milli félaga um þessi mál. Stjórn getur þá breytt ef reynist illa.
- *Eyjólfur* minnir á að FIBA gjald þarf að greiðast aftur við hvert skipti.
- *Porsteinn* vill að í lok þings að samræmt kerfi með samninga við leikmenn sé komið á koppinn að vinna hefjist við þetta. Staðlað umhverfi, samninga við félögin um þessi mál.
- *Guðmundur hjá Breiðablik* tekur fram að þetta sé hagræðingarmál vegi þyngra en að lið steli. Þá sé hægt að endurskoða þetta mál í stjórn.

Pingskjal 5 a) samþykkt gegn 2 atkvæðum.

Pingskjal 5 samþykkt samhljóða með áherslubreytingum.

- 15 mín. hlé.

PINGSKJAL 6 - UM MÓTANEFND

Samþykkt samhljóða

PINGSKJAL 7 - UM FÉLAGASKIPTI

Samþykkt samhljóða

PINGSKJAL 8 - FELLUR NIÐUR OG FÆRIST

Samþykkt samhljóða

- *Porsteinn* spyr "sem er nýtanlegt" fært inn, hvað þótti ekki nýtanlegt. Biður um útskýringu á því. Rúnar segir að það sem var nýtanlegt var t.d ekki launapak en umgjörð leikja og heimasíðu.
Samþykkt samhljóða

PINGSKJAL 9 - UM A-LANDSLIDSNEFNDIR

Samþykkt samhljóða

PINGSKJAL 10 - UM AGANEFND

Búið að samþykkja, formlega samþykkt

PINGSKJAL 11- UM BÚNINGA OG AUGLÝSINGAR OG ANNAÐ

Fært og lagt niður inn í annað. Samþykkt samhljóða.

PINGSKJAL 12 - UM DÓMARASJÓÐ

- *Porsteinn* minnir að þetta hafi verið sett á til að tryggja gæði og slíkt. Áhyggjuefni ef þetta gjald sem greitt er í sjóðinn er í raun aukið þáttökjald í mótunum sé nýtt til að reka sambandið. Mikilvægt að þeir fjármunir sem þingið samþykki að safna í þennan sjóð séu þá nýttir í hans tilgangi en ekki til annars. Skikka KKÍ til að hafa aðskilin fjárhag fyrir þennan sjóð. Umhugsunarefni að sé skuld við dómarsjóðinn um 2 millj. kr.
- *Guðjón P* segir að þetta snúist um að hvernig eigi að gera hlutina. Hvetur félaga til að sækja formannafundi og fylgja þessu eftir.
- *Snorri Örn* minnir á að hlutverk sjóðsins verðir áfram fræðslumál og dómaramenntun.
- Breytingartillaga frá *Porsteini* við 12. Skjal 12 a) við 6. grein þessara reglubreytingar kemur skuld KKÍ í þennan sjóð falli niður. Tillaga 12 b) að 7. liður bætist við að KKÍ skal halda bókhald fyrir fræðslusjóð.

- *Pétur* leggur til að fyrri hluti sé ekki í reglum heldur ályktun þingsins og stjórn framfylgi því. Seinni hlutinn í lagi og að sér bókhald sé haldið. Strika út allt það fjármagn færast úr sjóð í fræðslusjóð. Samþykkt samhljóða
- Ályktun um að allt það fjármagn verði afskrifað beint til stjórnar. Samhljóða samþykkt.

ÞINGSKJAL 13 - UM FYRIRTÆKJABIKAR

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 15 var lokið og 14 var hjá annarri nefnd.

ÞINGSKJAL 16 - UM BIKARKEPPNI

- *Jón Ben* er á móti ákvæði að þetta um innan 2 virka daga um leiktíma. Finnst vera fleiri sektarákvæði í þessum nýju reglum.
- *Stefán* vill inn viðbót sem snýst um að geta beitt þessu. Þetta hefur áhrif á fleiri hluti. 16-liða úrslit geta ekki hafist fyrr en 32-liða er lokið. Íslandsmót og bikar samvinnast og riðlar framgangi í mótahaldi.
- *Snorri* minnir á að ef félögin vinni með Stefáni þá er þetta ekki vandamál. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

ÞINGSKJAL 35:

- *Jón Ben* leggur til að tillagan verði felld. Þykir fullmikil forræðishyggja felast í tillögunni til þess að tryggja öllum leikmönnum spilatíma.
- *Þorsteinn* lagði áherslu á að við þurfum að eiga reglur um mót í minnibolta 10 ára þó svo að ekki verði keppt í þeim aldursflokki til Íslandsmeistara. Ekki viss um að tillagan nái tilgangi sínum.
- *Snorri Örn* lagði áherslu á að þegar við erum með krakka á þessum aldri þá vitum við ekki hverjir verða bestir þegar fram í sækir heldur er það skylda okkar að hlúa að öllum til þess að allir fái tækifæri til þess að þroskast. Markmið í MB á ekki að vera sú að fara inn á völlinn til að vinna heldur að bæta sig í því sem maður er að læra hverju sinni og gera eins vel og þeir geta.
- *Gréta María* studdi tillöguna.
- *Guðbjörg* studdi einnig tillöguna heilshugar. Hlúir að fjöldanum og besta leiðin til þess er að leyfa krökkunum að spila. Það eru of margir þjálfarar að huga að því að vinna í staðinn fyrir að leyfa krökkunum að þroskast.
- *Jón Ben* bendir á að ekki sé verið að ræða um 1. greinina sem tekur fram að aðeins þurfi 10 manns á skýrslu
- *Karl* benti á að auðveldara væri að ná því að láta fleiri spila með því að hafa það fyrirkomulag sem lagt er til.
- *Sigurður* taldi að of miklar kvaðir séu á tillögunni sem muni koma niður á liðunum.
- *Halldór* benti á að þeir sem töluðu um forræðishyggju í þessari tillögu hefðu sjálfir lagt fram tillögu um að hafa alltaf 4 íslendinga á völlum - það væri greinilega ekki forræðishyggja ;-)
- *Snorri Örn* benti á að sér væri gerð upp sú skoðun að ekki ætti að vinna. Það væri alls ekki rétt heldur væri meginmarkmiðið með tillögunni að stuðla að því að fleiri krakkar nái að þroskast sem leikmenn.
- *Bárður* benti á að fræðslusjóðurinn yrði að koma sterkur inn til þess að búa til góða þjálfara sem myndu skila góðum leikmönnum. Brottfall hefur ekkert með getu eða þjálfun að gera. Yfir 90% af brottfalli á grunn í því að félaginn er hættur.

ÞINGSKJAL 18:

- *Þorsteinn* lagði til að hluti af grein 29 verði felld út en komið í staðinn fyrir í reglugerð um fræðslusjóð.
- *Halldór* leggur til að inn í texta um fjölda leikmanna verði bætt a.m.k. fyrir framan 10.
- Minnibolta tillaga nr. 38 er samhljóða tillögu Fjölneis í 40. gr. í þingskjali 28.
- Fjallað um að leyfa 6 liða riðla sem styttr tíma móts og kemur í veg fyrir 3 liða riðla sem riðlast forfallist 1 lið.

ÞINGSKJAL 22:

- Breyting á reglugerð um venslasamninga, *Pétur* lagði fram breytingartillögu á þeirri reglugerð sem var í þinggerð. 22 er því felld og í staðinn kom 22a.

ÞINGSKJAL 23:

- Reglugerð um aðgönguskírteini. *Alsherjarnefnd* leggur til að samþykkja óbreytt. Verið að koma þessari reglugerð inn í fyrsta sinn. Hægt að laga til síðar ef þörf krefur og þá í samráði við formannafund eins og verið hefur.
- *Guðbjörg* bendir á stafsetningavillu í fjölda leikja hjá konum, vill að það sé 75 fyrir konur sem fá skírteini, 2 gr. A liður.
- *Þorsteinn* bendir á að hann sé samþykktur að setja reglugerðir en bendir á að þetta hafi verið gert á formannafundi að hausti.
- *Viggó* lagði til að fella tillöguna
- *Gunnar ÍR* er sammála því þeir eiga ekki oft afgang fyrir dómurum.
- *Gunnar Kr.* bendir á að þetta sé smá fríðindi fyrir vinnu.
- *Guðjón P* sagði að þetta væru sjálfsögð fríðindi fyrir þá sem vinna í hreyfingunni
- *Benóný* leggur til að 2 c) sé tekið út úr reglugerðinni um að dómaraar fái frítt á leiki með aðgangskorti.
- Breytinga á orðalagi samþykkt einróma. Breytingar tillaga um að c) liður sé felldur út um dómarskírteini var felld. Þingskjalið sjálft samþykkt.

ÞINGSKJAL 17A:

- Úrslitakeppni kvenna í 1. deild. Smíðuð var ný tillaga um fyrirkomulag keppinnar og deildarkeppni í 1. deild og það samþykkt.

ÞINGSKJAL 26:

- Verið að setja reglugerð um menntun körfuknattleiksmanna vegna nýrrar kennsluáætlunar KKÍ.

ÞINGSKJAL 27:

- Tillaga um V-lið í 1. deild karla. Vísað til stjórnar til umfjöllunar og meðferðar.
- Lagt til að þetta yrði felld og tekið til skoðunar í stjórn.
- Miklir annmarkar á tillögunni að þetta yrði útfært betur.
- *Bárður* talar um hugmyndina á bak við þessu. Mikið brottfall á 15-16 ára krökkum er mikið. Með þessu yrðu samkeppnishæfari lið innan félags í betri deild til að halda þeim hjá sér. Vill að þetta verði sett á strax í haust.
- *Guðjón P* bendir að þetta sé fyrir komandi ár
- *Stefán* segir að frestur sé 1. Júní og það sé hugur að gera það. Felld með þorra atkvæða.
- Hugmynd að KKÍ komi upp deild V-liða og stofnun hennar.

ÞINGSKJAL 29:

- Tillaga um kostnað vegna úrslitahelga yngriflokka. Lagt til að fella niður þetta gjald og hækka þátttökugjöldin á móti.
- *Snorri Örn* minnir á hvernig þetta var, engin stemning, léleg umgjörð og fleira sem varð til þess að þetta var sett á. Vill hafa þetta óbreyt, mjög skýrt. Allir geta sótt um að halda þessar helgar. umgjörð mun betri.
- *Jón Ben* tekur undir með *Snorra*. Finnst þetta í frábærum farvegi eins og þetta er núna og hefur gefist mjög vel.
- Fellt með öllum greiddum atkvæðum.
-

ÞINGSKJAL 30 OG 30A:

- Tillaga um sameiginleg lið. Breytingartillaga þar sem dagsetning var lagfærð.
- Breytingartilaga um 10. sept í stað 1. ágúst
- *Snorri* vill ekki tvö kerfi á sama tíma.
- *Pétur* segir þetta ekki það sama.
- *Bárður* telur þetta gott til bóta og iðkendum til hagsmuna
- Mun styrkja liðin, betri færri lið, fleiri iðkendur skila sér upp í mfl. og hindrar brottfall.

ÞINGSKJAL 31 OG 34:

- Tillaga um styttn leiktíma í efstuflokkum sem leika í fjöllíðamótum.
- *Snorri Örn* er samþykkur því að stytta tímenn og minnka álag á leikmenn og hús en er á móti því að hafa 2 mismunandi leiktíma í sama flokki.
- *Sigurður* telur að það sé ekkert að því að hafa styttri tíma í fjöllíðamótum en í bikarleikjum þar sem meira er undir. Telur að þjálfarar og leikmenn í dag viti alveg hvað þeir eru að fara út i hvort það eru 8 mín. eða 10 mín. leikhltar.
- *Jón Ben* sammála, rökin eru sú að þarna eru nánast fullorðnir leikmenn sem leika mikið upp fyrir sig og þetta eru nánast fullorðins leikir. Því miður geta þeir ekki leikið í deildarkeppni og leika í fjöllíðamótum og er álagið því mikið á þessa leikmenn.
- *Gréta* er á móti því að hafa tvo mismunandi leiktíma. Rökin hennar eru sú að þeir sem leggja fram þessa tillögu eru frá liðum í A-riðli sem fá nánast alltaf 4 leiki en þetta minnkar leiktíma liða í c- og b-riðlum þar sem einungis 3 leikir eru á lið oft á tíðum.
- *Bárður* telur þetta ekki ruglingslegt. Frekar spurning mínútufjölda, hvort það sé heimilt að leika 4x10 ef það séu 4 lið í riðli. Telur álagið með 4 leikjum á 2 dögum of mikið.

ÞINGSKJAL 34:

Tillaga um að 11. flokkur karla leiki 4x8 mínútur.

ÞINGSKJAL 32:

Tillaga um að 4 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli í einu.

- *Bárður* og *Gréta* tala um erfiðleika liða út á landi að manna lið og aðgengi að leikmönnum. Liðum í sjálfsvald sett að hafa útlendinga/fjármagn. Davíð kom inn á hvort þetta þyrfti ekki að vera í 1.deild líka ef þetta yrði samþykkt.
- *Guðjón* talar um að það vilja allir hafa íslendinga eingöngu ef þeir hefðu þess kost og að stjórnir munu ekki stofna til glóruslausra skulda við að elta hin liðin ef þau fá sér 2 erlenda leikmenn.
- *Karl* talar um að það eigi að vera frjálst því lið utan af landi unga út efnulegum leikmönnum sem fara svo í lið á höfuðborgarsvæðinu, ekki eigi að loka þá á þeirra val að hafa fleiri leikmenn sem þau þurfa svo oft.

- *Jóhann Waage* talar um svipað, þeim skortir leikmenn, ungir krakkar fara og fáir koma í staðinn.
- *Karl* talar um að ísl. leikmenn í sama klassa og erlendir eru svipaður ef ekki meira.
- *Jóhanna* tala um að þau hafi góða flokka í a-riðlum upp í efstu flokka en þá missa þau krakka í skóla. Þór Þorlákshöfn fær ekki marga leikmenn til sín þó það séu 50 km. þangað.
- *Órvar* vill sjá sem fæsta útlendinga og
- Tindastóll sama sinnis, mun drepa körfuboltann á landsbyggðinni. Halldór rifjar upp að engir titlar hafa farið út á land þrátt fyrir að lið hafi verið með 2-3 útlendinga í samhengi við að lið séu að elta hvort annað í titlabaráttu.
- *Gréta* segir að þetta eigi að vera í höndum stjórnarinnar. Hugmynd um að breyta þessu í 3 íslendinga inná í einu, en ekki 4 eins og tillagan segir um.
- *Halldór* talar um hver á að sjá um að framfylgja þessu í leik. Ritaborð, dómari eða annað?

Tillaga um að fella tillöguna einróma.

ÞINGSKJAL 35 tekið fyrir með **ÞINGSKJALI 18**

- Tillaga um 5 leikhluta hjá minnibolta 11 ára karla.
- *Jón Ben* finnst að 4. leikhluta í körfuboltaleikjum. Finnst fínt að allir leikmenn fái minnst einn leikhluta og telur þetta full mikla forræðishyggju. Hér sé verið að spila til Íslandsmeistara og búið að fella niður minnibolta 10 ára. Hér sé verið að gera enn meira. Hægt að fara fram hjá þessu á annan hátt með því hreinlega að sleppa því að taka leikmenn með í t.d úrslita fjölliðamót.
- *Þorsteinn* telur grundvallaratriðið vera að þó stjórn ákveði að halda ekki mót þá þurfa að vera reglur um hvernig á að halda mót fyrir minnibolta 10 ára. Hvernig verða viðurlög ef menn haga skiptingum ekki rétt og/eða mæta með tilskilin fjölda til leiks. Finnst í lagi að spila í 5 leikhlutum.
- *Snorri Örn* minnst á að á þessum aldri vitum við ekki hver verður bestur. Okkar hlugvert er að leyfa að vera með, keppa og þroskast. Með þessu ætti það að nást það. Ýmsar sérreglur í ýmsum flokkum þannig að það sé ekki flækjustig. Þetta sé iðkað um heiminn í ýmsum leikhlutum fjölda. Þetta eigi að vera fyrir börn og ná fram betri iðkendum með því að fá að vera með. FIBA stefnan er að ekki til að vinna í MB heldur að gera betur. Leikur tapast ef einhver er meira en 3 lotur og einhver minna en 2 lotur. Bendir á að ekki er vitað við 11 ára hver verður bestur á eldri stigum og dæmi um að krakkar hætti á aðeins eldri stigum.
- *Gréta* styður þetta því reglunar segja bara að 10 verða að spila og því geta alltaf einhver orðið útundan.
- *Guðbjörg* er sammála, of margir þjálfarar huga bara að því að vinna. Skemmtilegast hjá þessum krökkum er að keppa og vera með, ekki vinna, burt séð frá tegund móts. (ísl. titill eða samkaups/eymundsson/actavis)
- *Jón Ben* segist ekki þekkja þetta og að þetta dregi keppni í þessum flokki. Er alfarið á móti og spyr hvar þessi vandamál séu.
- *Karl* styður þetta og segir metnað og 5 leikhluta fara saman í að vilja unnið.
- *Þóra* þetta mjög góða tillögu og jákvæðast að þetta er vel ígrundað frá Snorra með hag krakkanna í leiðarljósi. Hefur séð dæmi þess að þeir bestu í upphafi hafi ekki skila sér áfram og þá kostnað þeirra sem eru áfram.
- *Sigurður* talar um í praxís hvernig þetta færi fram. Nýjir leikmenn fá 2 leikhluta leiðir í stærri töp í 40-50 stiga mun. Bendir á hvað mun gerast í reynd.
- *Halldór* minnst á að þetta sé forræðishyggja af þeim aðilum sem vildu hafa erlenda leikmenn og íslendinga 4 inn á í einu.

- *Snorri Örn* er að minna á að það er ekki verið að leggja til að hætta að keppa heldur gefa fleiri leikmönnum tækifæri. Hefur mikla reynslu í minniboltaþjálfun. Trúir því að þetta sé betra fyrirkomulag, 10 min. Full langt fyrir suma krakka í þetta þrek og úthald.
- *Bárður* vill koma inn á nokkur atriði. Fræðslusjóður ætti nýttast og koma inn á þetta með betri þjálfurum sem eru meðvitaðir um þetta efni. Finnst 4x10 of mikið fyrir þessa krakka sammála því. Brottfall á unglingsaldri. Það hefur ekkert með getu eða þjálfun að gera. ÍsÍ násmскеið/aðrar geinar þar hafa með það að gera að félaginn er hættur, og hann þarf ekki að vera sá besti í liðinu. Halda sem flestum í þessu til að halda hinum meðalgóðu einnig. Samþykkt með öllum atkvæðum gegn 6.

ÞINGSKJAL 18

- *Þorsteinn* talar um lið 29. um dómarasjóð og greiðslur úr honum til unglingadómarara. Tillaga til þingsályktunar um að færa þenna lið undir fræðslusjóðinn fylgi honum. Bæta við að lágmarki eða amk í minnibolta þar sem eru 10 leikmenn 49 og 55 gr. Verður tekið út og fært annað og beint til stjórnar til lagfæringar.

Fyrsta línan stendur inni og hitt færast inn til úrlausnar.
Samþykkt einróma.

37. liður 1. Grein verður a.m.k á undan að nota 10 leikmenn

47. liður 1. Grein sama ...

Samþykkt einróma að bera upp þingskjal 18 með þeim samþykktum sem komufram á skali 35 og inn í það er komið.

Önnur mál:

- *Guðjón Þorsteinsson* kvaddi sér hljóðs til þess að ræða um hversu fá héraðssambönd hefðu sent fulltrúa sína til þings og um störf þingsins í heild og þakkaði traustið sem honum var sýnt við kjör í stjórn.
- *Jón Ben* þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir samstarfið í vetur og gott þing.
- *Halldór* bauð fram Sauðárkrók sem næsta þingstað fyrir körfuboltaþing 2011.
- *Þorsteinn* lagði áherslu á að skjöl með reglugerðum og ýmsum breytingum sem hafa orðið á þinginu komi inn á kki.is sem allra fyrst. Minnti líka á ábyrgð félaga að kynna breytingar fyrir foreldrum og þeim sem starfa í félögunum.

Kosning formanns:

Hannes S. Jónsson kjörin með lófaklappi

Kosning sex meðstjórnenda til tveggja ára og þriggja manna varastjórn til tveggja ára:

Þóra Melsted hlaut 63 atkvæði

Eyjólfur Guðlaugsson hlaut 61 atkvæði

Guðbjörg Norðfjörð hlaut 61 atkvæði

Erlingur Hannesson hlaut 60 atkvæði

Guðjón Þorsteinsson hlaut 56 atkvæði

Páll Kolbeinsson hlaut 45 atkvæði

Þorsteinn Þorbergsson hlaut 32 atkvæði

Varastjórn:
Guðjón Guðmundsson
Lárus Ingi Friðfinnsson
Bryndís Gunnlaugsdóttir

3 í framboði, kosið með lófaklappi og teljast rétt kjörinn.

Kosning fimm manna í dómstól KKÍ til tveggja ára:

Halldór Halldórsson, Jóhannes Karl Sveinsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir.

Kosning tveggja manna í aganefnd og tveggja til vara:

Samþykkt einróma að 3 verði nefndir og stjórn finni 3 aðra. Peir eru Ingimar Ingason, formaður og varaformenn Björgvin Björnsson og Þórólfur Þorsteinsson. Samþykkt einróma

Kosning tveggja endurskoðenda:

Ottó Hafliðason og Gísli Friðjónsson, samþykkt með lófaklappi.

Kosning fulltrúa á Íþróttabing:

Vísað til stjórnar fyrir næsta ár, búið þingið í ár.

Pingslit:

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum góð störf og gaf HSJ orðið. Hann þakkaði þingforseta góð störf á þinginu og þingheimi góð störf og góðan stuðning við sig í formannskjörinu. Fór yfir það að mörg verkefni væru framundan fyrir nýja stjórn til þess að takast á við. Gladdist yfir því hversu mikla áherslu yngri flokka mál hefðu fengið því að það væri grunnurinn og grasrótin skipti máli. Minnti á að stjórn og starfsmenn KKÍ eru til þess að vinna fyrir félögin og hvatti hann fulltrúa þeirra til að hafa frumkvæði að samskiptum. Körfuknattleiksdeild Breiðabliks býður upp á léttar veitingar í boði Kópavogsbæjar.

Hannes S. Jónsson slítur þingi með ræðu og þar með er 48. körfuknattleiksþingi slitið.

Pétur Hrafn Sigurðsson
Þingforseti

Kristinn Geir Pálsson
Þingritari

Afgreiðsla þingskjala:

Laga- og leikreglnanefnd: Rúnar Birgir Gíslason kynnti tillögur laganefndar.

• **Þingskjal nr. 1**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Þingskjal nr. 1a breyting frá laganefnd**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Þingskjal nr. 2 (2a kemur í staðinn)**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Þingskjal nr. 2a (þingskjal 2 með breytingu frá laganefnd)**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Þingskjal nr. 3**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Þingskjal nr. 14**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Þingskjal nr. 24 breyting frá laganefnd**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Þingskjal nr. 24a**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Þingskjal nr. 25**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Þingskjal nr. 25a breyting frá laganefnd**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

Fjárhagsnefnd: Guðmundur Sigurbergsson kynnti tillögur fjárhagsnefndar.

• **Þingskjal nr. 36**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

Allsherjarnefnd: Halldór Halldórsson kynnti tillögur allsherjarnefndar.

• **Þingskjal nr. 4**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Þingskjal nr. 4a breyting frá stjórn og laganefnd**

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 5**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 5a breyting frá allsherjarnefnd**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 6**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 7**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 8**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 9**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 10**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 11**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 12**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 12a breyting á grein 6 frá Þorsteini Þorbergssyni**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 13**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 15**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 15a breyting frá gjaldkera**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 16**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

• **Pingskjal nr. 16a breyting á töluliðum**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 17**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 17a breyting frá SÖA Bryndísi og Jónu ben við 24.gr**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 18 með þeim breytingum sem þingskjal 35 felur í sér**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 18a breyting frá Þorsteini Þ. um að fella hluta gr.29 út hér og beina því til stjórnar að bæta þessu inn í reglugerð um fræðslusjóð**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá
- **Pingskjal nr. 18b - viðbótin a.m.k. fyrir framan 10 þ.s. rætt er um fjölda**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 19**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 20**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 21 -ath. ritvilluleiðréttingu**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 22**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 22a breyting frá stjórn og laganevnd**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 23**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 23a breyting á orðalagi PHS**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 23b breyting frá Benóný um að fella út 1 og 2 c**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 26**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 27**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 28**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 29**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 30**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 30a breyting á dagsetningu staðfestingar**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 31**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 31a breyting frá SÖA um leiktímann**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 32**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 33**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 34 - ath númer greina**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 34 breyting frá SÖA um leiktímann**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá

- **Pingskjal nr. 35**
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld Vísað frá